

**A 1848/tillväxt**

Flytjandi	Finnska landsdeildin
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Landsdeildartillaga um samnorrænt kerfi rafrænna skilríkja (e-ID)**Tillaga**

Finnska landsdeildin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um

að samræma rafræn auðkenniskerfi landanna (e-ID), með tilliti til upplýsingaöryggis og hagkvæmni, í anda þeirrar framtíðarsýnar forsætisráðherranna fyrir árið 2030 að efla frjálsa för íbúanna og ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum.

Bakgrunnur

Þess er vænst að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030. Stafvæðing er í örurum vexti um allan heim og samþætting rafrænna auðkenniskerfa myndi auðvelda Norðurlandabúum enn frekar að hafa samband við stjórnvöld í löndunum. Rafrænu auðkenniskerfin í norrænu löndunum eru ágæt en ekki að fullu samhæfð hvert öðru. Þunglamaleg skriffinnska reynist enn mörgum fjötur um fót í dagsins önn þegar kröfur um skilríki handan landamæra gera þeim erfiðara um vik en í heimalandinu. Nú þegar auðkenniskerfin í löndunum verða uppfærð og endurnýjuð kæmi samhæðara kerfi í veg fyrir óþarfar stjórnsýsluhindranir, breiddi út bestu starfshætti og drægi jafnvel úr kostnaði við innleiðingu á kerfunum.

Margar áskoranir tengdar frjálsri för á Norðurlöndum má rekja beint til vandamála við innskráningu og auðkenningu. Menn þurfa að sanna á sér deili ætli þeir að skoða skatta- og lífeyrisupplýsingar, styrkumsóknir, húsnæðisumsóknir og fleira. Geti þeir það ekki kann þeim að vera nauðugur sá kostur að heimsækja stjórnvaldið í eigin persónu þótt í öðru norrænu landi sé.



Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði hefur einkum áhyggjur af að norrænt notagildi og afnám stjórnsýsluhindrana virðist hafa gleymst í sambandi við rafrænu skilríkin í löndunum. Svo virðist sem við aukum skriffinnsku og fjölgum stjórnsýsluhindrunum í staðinn. Hvenær á innleiðingu kerfanna að vera lokið og hvernig er búið svo um hnútana að stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum verði afnumdar?

Helsingfors, 9. september 2020

Anders Eriksson (ÅF)
Anna-Kaisa Ikonen (saml)
Camilla Gunell (ÅSD)
Erkki Tuomioja (sd)
Eveliina Heinäluoma (sd)
Heidi Viljanen (sd)
Heli Järvinen (grænum)
Ilmari Nurminen (sd)
Joakim Strand (sv)
Jouni Ovaska (cent)

Juhana Vartiainen (saml)
Kaisa Juuso (saf)
Lulu Ranne (saf)
Mikko Kinnunen (cent)
Mikko Kärnä (cent)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Riikka Purra (saf)
Veronika Honkasalo (vinstri)
Vilhelm Junnila (saf)
Wille Rydman (saml)